

**SVÖR ÍSLENSKA RÍKISINS VIÐ SKÝRSLU UM VITJUN EVRÓPUNEFNDAR
UM VARNIR GEGN PYNDINGUM OG ÓMANNLEGRI OG VANVIRÐANDI
MEÐFERÐ EÐA REFSINGU (CPT) TIL ÍSLANDS FRÁ 17. TIL 24. MAÍ 2019**

Maí 2020

1. Inngangur

Í nóvember 2019 gaf Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT nefndin) út skýrslu vegna fimmtu reglubundnu heimsóknar nefndarinnar til Íslands, sem fram fór dagana 17. til 24. maí 2019. Dómsmálaráðuneytinu barst skýrslan hinn 20. nóvember 2019 en í kjölfarið var hún send á þær stofnanir og samtök sem nefndin ræddi við í heimsókn sinni og óskað eftir viðbrögðum þeirra, þ.e. félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Ríkislögreglustjóra, Héraðssaksóknara, Ríkissaksóknara, Fangelsismálastofnun, Útlendingastofnun, Embætti landlæknis, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Afstöðu, Geðhjálp og umboðsmann Alþingis.

Íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á virka innleiðingu Evrópusamningsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og fagna því eftirliti CPT nefndarinnar. Stjórnvöld þakka nefndinni fyrir góðar ábendingar um það sem betur mætti fara þegar kemur að vernd þeirra einstaklinga sem eru frelsissviptir á Íslandi.

Í þessari greinargerð má finna viðbrögð dómsmálaráðuneytisins við þeim tilmælum, athugasemdum og beiðnum sem varða málefna svið ráðuneytisins, en hún var unnin í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið, Héraðssaksóknara, Fangelsismálastofnun og nefnd um eftirlit með lögreglu. Vegna þeirra aðstæðna sem rekja má til Covid-19 óskaði heilbrigðisráðuneytið eftir því að fá frest fram á haust 2020 til þess að skila viðbrögðum við þeim ábendingum sem snúa að heilbrigðismálum, líkt og upplýst var um í bréfi til nefndarinnar, dags. 30. mars 2020.

2. Áriðandi tilmæli lögð fram í lok vitjunar

Við lok heimsóknar sinnar til Íslands lagði sendinefndin fram tvö áriðandi tilmæli varðandi fangelsiskerfið. Fyrri áriðandi tilmælin vörðuðu gluggalausa klefa fyrir gæsluvarðhaldsfanga á Akureyri. Líkt og fram kom í bréfi til nefndarinnar í júní 2019 var strax brugðist við þessum tilmælum og umræddir klefar teknir úr notkun.

Að því er varðar síðari áriðandi tilmælin voru íslensk stjórnvöld beðin um að senda nefndinni ítarlega aðgerðaáætlun um veitingu heilbrigðisþjónustu og um viðbrögð við fíkniefnavanda í fangelsum. Með bréfi dags. 3. desember 2019 var nefndinni send aðgerðaráætlunin og er hún einnig hér meðfylgjandi.

3. Innlendur forvarnaraðili

Tilmæli 11

CPT óskaði eftir upplýsingum um starfsemi innlenda forvarnaraðilans á Íslandi árið 2019 og á fyrri helmingi ársins 2020.

Svar frá umboðsmanni Alþingis:

Fyrsta heimsóknin var í október 2018 og þá var heimsótt geðdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss á Kleppi. Sendinefndin heimsótti þrjár lokaðar deildir spítalans, þ.e. réttargeðdeild, öryggisgeðdeild, og sérhæfða endurhæfingargeðdeild. Önnur heimsókn fór fram í nóvember 2018, á lokaða deild á meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga á Stuðlum.

OPCAT-teymið fór í tvær heimsóknir árið 2019. Sú fyrri var gerð í apríl og voru heimsóttar höfuðstöðvar

lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og í þeirri síðari var farið í fangelsið á Sogni í október. Ástæður fyrir því að einungis var farið í tvær heimsóknir á árinu 2019 voru þær að mannbreytingar urðu hjá OPCAT-teyminu og tók því lengri tíma að taka saman fyrstu skýrsluna en búist var við.

Þrjár heimsóknir eru fyrirætlaðar árið 2020. Fyrsta heimsóknin fór fram í janúar og var farið í fangelsið á Hólmsheiði, þar sem OPCAT-teymið hafði eftirlit með gæsluvarðhaldsaðstöðunni. Aðrar heimsóknir sem eru fyrirætlaðar fyrir árið 2020 verða farnar á örugga stofnun fyrir börn og í annað fangelsi. Skýrslan um fyrstu eftirlitsvitjunina á geðdeildina var birt í október 2019. Heimsókn OPCAT-nefndarinnar leiddi í ljós ýmis atriði sem varða lagagrundvöll vistunar og meðferðar sjúklinga á fyrrgreindum deildum. Þetta krafðist nánari rannsóknar sem tók lengri tíma en reiknað hafði verið með. Áætlað er að skýrslur um eftirlitsvitjanirnar á meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga á Stuðlum og í höfuðstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verði birtar á fyrsta fjórðungi ársins 2020. Vonast er til að þær skýrslur sem á eftir koma verði birtar að liðnum skemmri tíma frá hverri heimsókn.

OPCAT-teymið er þátttakandi í norræna OPCAT-netinu sem var komið á fót til að greiða fyrir fræðslu og skiptum á nauðsynlegum upplýsingum milli Norðurlandanna. Fundir eru haldnir tvisvar á ári, í janúar og ágúst.

Í október 2019 tók OPCAT-teymið einnig á móti sendinefnd frá umboðsmanni eistneska þingsins sem vinnur að OPCAT-eftirliti.

5. Löggæslustofnanir

Tilmæli 15

Í skýrslunni kom fram að CPT nefndin treysti því að íslensk stjórnvöld muni vinna áfram að því að fyrirbyggja og berjast gegn illri meðferð af hálfu lögreglumanna. Tekið er fram að þessi vinna ætti að fela í sér áframhaldandi þjálfun og skýr skilaboð til allra sem starfa í lögreglunni um að „ekkert umburðarlyndi“ ríki gagnvart illri meðferð. Einkum ber sífellt að leggja áherslu á að þjálfa lögreglumenn í að koma í veg fyrir og lágmarka ofbeldi í sambandi við handtöku.

Til þess að fá uppfærða mynd af stöðunni óskaði nefndin eftir að íslensk stjórnvöld veiti upplýsingar, að því er varðar árið 2019 og fyrri helming ársins 2020, um:

- fjölda kvartana um illa meðferð af hálfu lögreglumanna og fjölda refsímála/agamála sem var stofnað til í kjölfarið,
- greinargerð um refsingar/viðurlög sem beitt var í kjölfar slíkra kvartana.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Bæði lögreglunemar og lögreglumenn hljóta fræðslu á sviði mannréttindamála, siðfræði og menningarlegrar fjölbreytni við Háskólann á Akureyri og hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu. Í reglum um valdbeitingu er mælt fyrir um meginregluna um meðalhóf, þ.e. að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til, sbr. 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1996.

Þjálfun í líkamlegum þætti valdbeitingar er tengd fræðilegri kennslu með raunsæjum sviðsmyndum þar sem nemar og lögreglumenn fá þjálfun í að draga úr spennu og samkennd er lykilþáttur í þjálfuninni, þar eð hlutverkaskipti eru einnig hluti af henni.

Tafla 1. Mál er varða illa meðferð á árinu 2019 samkvæmt upplýsingum frá héraðssaksóknara:

| | |
|----------------------|---|
| Rannsókn felld niður | 1 |
| Máli vísað frá* | 1 |
| Ákært** | 1 |
| Alls | 5 |

Fimm mál bárust embætti héraðssaksóknara sem segja má að varði illa meðferð (e ill treatment) af hálfu lögreglu. Tvö þeirra eru óafgreidd, rannsókn var hætt í einu máli og eitt þeirra felld niður með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og hefur ríkissaksóknari staðfest þá niðurstöðu. Í einu máli var gefin út ákæra á hendur lögreglumanni fyrir brot í opinberu starfi en ekki liggur fyrir dómur í málinu. Þess má geta að það mál var tekið til rannsóknar að eigin frumkvæði héraðssaksóknara.

Tafla 2. Mál er varða illa meðferð á árinu 2020 (janúar – apríl) samkvæmt upplýsingum frá héraðssaksóknara:

| | |
|----------------------|---|
| Rannsókn felld niður | 0 |
| Máli vísað frá* | 1 |
| Ákært** | 0 |
| Alls | 8 |

Átta mál bárust embætti héraðssaksóknara það sem af er þessu ári sem segja má að varði illa meðferð (e. ill treatment) af hálfu lögreglu. Rannsókn var hætt í einu máli en hin eru óafgreidd.

Uppfærður fjöldi kvartana fyrir allt árið 2019 er 21 kvörtun skráð hjá nefnd um eftirlit með lögreglu, sem varðar meinta illa meðferð af hendi íslensku lögreglunnar. Taka ber fram að mikill meirihluti þessara kvartana varðar illa meðferð af hendi lögreglu við handtöku eða í kjölfar handtöku.

Af þessari 21 kvörtun á árinu 2019 bárust átta til héraðssaksóknara, annað hvort beint eða frá nefndinni um eftirlit með lögreglu. Af þessum málum eru fimm enn til rannsóknar hjá héraðssaksóknara og í tveimur tilvikum ákvað héraðssaksóknari að hætta rannsókn. Öðru þessara tveggja mála var áfrýjað til ríkissaksóknara, sem staðfesti ákvörðun héraðssaksóknara og hinu málinu var ekki áfrýjað. Taka þarf fram að eftirlitsnefndin getur ekki áfrýjað ákvörðunum héraðssaksóknara um að hætta rannsókn. Samkvæmt íslenskum lögum getur sá einn sem verður fyrir beinum áhrifum af ákvörðuninni áfrýjað til ríkissaksóknara ákvörðun um að hætta rannsókn.

Af þeim þrettán kvörtunum sem eftir standa voru tvær sendar til viðkomandi lögreglustjóra sem mál er varða starfsmenn þess embættis, nefnd um eftirlit með lögreglu ákvað í fimm tilvikum að málið þarfnaðist ekki frekari meðferðar og í sex tilvikum biður eftirlitsnefndin eftir upplýsingum og/eða greining mála stendur enn yfir.

Á árunum 2017–2019 skráði nefnd um eftirlit með lögreglu alls 283 kvartanir/mál sem henni bárust, þar af 81 mál á árinu 2017, 100 mál á árinu 2018 og 102 mál á árinu 2019. Um það bil 150 þessara mála voru virk í febrúar 2020.

Uppfærður fjöldi kvartana fyrir árið 2020 (janúar–apríl) eru þrjár kvartanir sem eru skráðar hjá eftirlitsnefndinni og varða meinta illa meðferð af hendi íslensku lögreglunnar. Af þessum málum er eitt enn til rannsóknar hjá héraðssaksóknara.

Tilmæli 17

CPT ítrekaði fyrri tilmæli varðandi lagarammann um aðgang að lækni og tafir á tilkynningum um varðhald.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Ráðuneytið er að leggja lokahönd á breytingu á reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna,

yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. nr. 651/2009. Með reglugerðinni verður komið til móts við fyrrnefnd tilmæli nefndarinnar varðandi réttarstöðu handtekinna manna er varðar aðgengi að lækni annars vegar og hinsvegar varðandi tilkynningu um varðhald

Tilmæli 18

CPT fagnaði stofnun eftirlitsnefndarinnar (og starfsemi hennar til þessa) sem hefur vissulega möguleika til að bæta málsmeðferð vegna kvartana í garð lögreglu, draga frekar úr áhættu á refsileysi og stuðla almennt að betri vinnubrögðum lögreglu. Nefndin óskaði eftir upplýsingum um starfsemi eftirlitsnefndarinnar á seinni hluta ársins 2019 og fyrri hluta ársins 2020, þ.m.t. athugasemdir eftirlitsnefndarinnar um kerfistengd og/eða efnisleg atriði tengd málefnum sem falla undir umboð CPT.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Í kjölfar breytinga á 35. gr. lögreglulaga var nýrri nefnd um eftirlit með lögreglu (eftirlitsnefndin) komið á fót árið 2017. Nefndin er skipuð þremur mönnum (formaður er skipaður af dómismálaráðherra, Lögmannafélag Íslands tilnefnir annan nefndarmann og Mannréttindaskrifstofa Íslands tilnefnir þann þriðja) og nýtur stuðnings skrifstofufólks og hefur sjálfstæðan fjárhag. Nefndin er sjálfstæður aðili sem hefur heimild til að taka við kvörtunum, greina þær og senda áfram til lögbærra stofnana (yfirleitt ríkislögreglustjóra eða héraðssaksóknara). Eftirlitsnefndin fær líka afrit af öllum kvörtunum vegna ámælisverðra starfsaðferða lögreglu, sem skráðar eru hjá lögreglu og saksóknaraembættum, ásamt upplýsingum um öll tilvik dauðsfalla eða líkamstjóns í haldi lögreglu. Hún fer ekki í heimsóknir til löggæslustofnana en hún sinnir eftirliti/gæðakönnunum að því er varðar öll agamál og refsímál sem varða meint brot lögreglu í starfi og viðkomandi stofnunum er skylt að upplýsa eftirlitsnefndina um framvindu og niðurstöðu þessara mála. Eftirlitsnefndin getur síðan gefið út ráðgefandi álit varðandi málsmeðferðina og niðurstöður hennar, sem beint er til viðkomandi stofnana til athugunar og til að fá viðbrögð.

Uppfærður fjöldi kvartana fyrir allt árið 2019 er 21 kvörtun sem er skráð hjá nefnd um eftirlit með lögreglu í tengslum við meinta illa meðferð af hendi íslensku lögreglunnar. Taka þarf fram að mikill meirihluti þessara kvartana varðar illa meðferð af hendi lögreglu við handtöku eða í kjölfar handtöku. Af þessari 21 kvörtun á árinu 2019 bárust átta til héraðsaksóknara, annað hvort beint eða frá nefndinni um eftirlit með lögreglu. Af þessum málum eru sex enn til rannsóknar hjá héraðsaksóknara og í tveimur tilvikum ákvað héraðssaksóknari að hætta rannsókn. Öðru þessara tveggja mála var áfrýjað til ríkissaksóknara, sem staðfesti ákvörðun héraðssaksóknara og hinu málinu var ekki áfrýjað. Taka þarf fram að eftirlitsnefndin getur ekki áfrýjað ákvörðunum héraðssaksóknara um að hætta rannsókn. Samkvæmt íslenskum lögum getur sá einn sem verður fyrir beinum áhrifum af ákvörðuninni áfrýjað til ríkissaksóknara ákvörðun um að hætta rannsókn.

Af þeim þrettán kvörtunum sem eftir standa voru tvær sendar til viðkomandi lögreglustjóra sem mál sem varða starfsmenn þess embættis, nefnd um eftirlit með lögreglu ákvað í fimm tilvikum að málið þarfnæðist ekki frekari meðferðar og í sex tilvikum bíður eftirlitsnefndin eftir upplýsingum og/eða greining mála stendur enn yfir.

Á árunum 2017–2019 skráði nefnd um eftirlit með lögreglu alls 283 kvartanir/mál sem henni bárust, þar af 81 mál á árinu 2017, 100 mál á árinu 2018 og 102 mál á árinu 2019. Um það bil 150 þessara mála voru virk í febrúar 2020.

Uppfærður fjöldi kvartana fyrir árið 2020 (janúar–apríl) eru þrjár kvartanir sem eru skráðar hjá eftirlitsnefndinni og varða meinta illa meðferð af hendi íslensku lögreglunnar. Af þessum málum er eitt enn til rannsóknar hjá héraðssaksóknara.

Nefnd um eftirlit með lögreglu er nú að kanna þær málsmeðferðarreglur sem farið er eftir þegar handtekinn einstaklingur óskar eftir og/eða þarfnast lækniaðstoðar. Þetta var gert að frumkvæði

eftirlitsnefndarinnar sem tók um það ákvörðun í nóvember 2018. Eftirlitsnefndin hefur óskað eftir afriti af gildandi skriflegum málsmeðferðarreglum frá öllum lögreglustjórum á Íslandi. Eftirlitsnefndin er nú að greina svörin og skjöl sem henni bárust frá lögreglustjórunum.

Samkvæmt 35. gr a í lögreglulögum nr. 90/1996 er eitt af hlutverkum nefndar um eftirlit með lögreglu að taka til athugunar mál þegar maður lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot. Eftirlitsnefndin er nú að rannsaka þrjú mál af þessum toga.

Á árinu 2019 ákvað nefnd um eftirlit með lögreglu að flokka sérstaklega þau erindi sem berast frá borgurum og geta varðað vanvirðandi meðferð og að birta umfjöllun um fjölda og afdrif slíkra mála í ársskýrslum sínum. Í ársskýrslu nefndarinnar frá árinu 2018 kom fram að frá árinu 2017 hefði nefnd um eftirlit með lögreglu borist samtals 25 mál sem vörðuðu vanvirðandi meðferð af hálfu starfsmanna lögreglu. Mál sem voru ýmist send til meðferðar hjá héraðssaksóknara af hálfu nefndarinnar eða henni bárust tilkynningar um frá embættinu voru samtals 20. Embætti héraðssaksóknara hætti rannsókn í 17 málum, tveimur málum var vísað frá en eitt mál var enn til rannsóknar þegar ársskýrslan var gefin út. Af þessum 20 málum voru fimm kærð til ríkissaksóknara og eitt mál endaði með útgáfu ákæru.

Í ársskýrslu nefndarinnar frá 2018, fjallaði nefnd um eftirlit með lögreglu jafnframt um þrjú atriði sem vörðuðu skipulag og verklag lögreglunnar og höfðu vakið athygli nefndarinnar. Í fyrsta lagi lagði nefnd um eftirlit með lögreglu áherslu á setningu almennra verklagsreglna á þeim sviðum þar sem það væri unnt, meðal annars til þess að auka samræmt verklag á milli lögregluembættanna. Þá taldi nefndin að verklagsreglur væru gagnlegar fyrir starfsumhverfi lögreglumanna og að þær gætu bætt réttaröryggi borgaranna. Í öðru lagi hafði það vakið athygli nefndar um eftirlit með lögreglu hvernig notkun á svonefndum búkmyndavélum og upptökubúnaði í lögreglubifreiðum væri háttáð. Nefnd um eftirlit með lögreglu benti á að upptökur úr þessum myndavélum væru oft einu sönnunargögnin um það sem fram færi í samskiptum lögreglu við borgaranna, en ekki öll embætti notuðu slíkar myndavélar, þau embætti sem nýttu sér slíkan búnað notuðu mismunandi tegundir af búnaði og misjafnt væri hvort þær væru notaðar að staðaldri eða ekki. Í þriðja lagi hvatti nefnd um eftirlit með lögreglu til þess að lögregluembætti lengdu geymslutíma myndefnis úr eftirlitsmyndavélum á lögreglustöðvum, úr búkmyndavélum og frá lögreglubifreiðum í að minnsta kosti þrjú mánuði.

Í framangreindri ársskýrslu nefndarinnar frá árinu 2018 kom fram að nefndinni bárust samtals 102 erindi árið 2018. Alls lutu 44 kvartanir af 102 að framkomu starfsmanna lögreglu og 42 kvartanir vörðuðu handtökur. Flokkun mála vegna ársins 2019 er ekki lokið, en gera má ráð fyrir að ársskýrsla nefndarinnar vegna ársins 2019 komi út um mitt ár 2020.

Í ársskýrslum sínum, bæði fyrir árin 2017 og 2018, fjallaði nefnd um eftirlit með lögreglu um það að hún hefði í störfum sínum fengið ábendingar og upplýsingar um handtökur og frelsissviptingar einstaklinga sem kunna að eiga rót í veikindum hins handtekna, mögulega þar sem önnur úrræði virtust ekki vera fyrir hendi. Nefndin benti á að ekki væri útilokað að lögreglulög geymdu viðhlítandi heimildir fyrir handtöku, til dæmis ef um væri að ræða óspektir, röskun á almannafriði eða til að gætt væri öryggis þeirra einstaklinga sem um ræddi eða almennings. Hins vegar mætti ekki halda manni lengur en nauðsyn bæri til, sbr. ákvæði lögreglulaga, og strangar kröfur giltu enn fremur um frelsissviptingu manna samkvæmt stjórnarskránni. Þá benti nefndin á að koma þyrfti til sérstakrar skoðunar möguleg veikindi þess sem um ræddi og réttur viðkomandi til heilbrigðisþjónustu.

Atvik af þessu tagi, sem nefndinni bárust upplýsingar um, varð grundvöllur sérstakrar skoðunar að frumkvæði nefndarinnar. Sú athugun nefndarinnar varðaði möguleg veikindi hins handtekna og rétt hans til viðunandi heilbrigðisþjónustu. Í nóvember 2018 hóf nefndin jafnframt frumkvæðisathugun að því hvaða verklagsreglur gilda um það þegar veikir einstaklingar eru vistaðir í fangaklefa og kalla þarf til lækni eða hjúkrunarfræðing til handa þeim sem hefur verið handtekinn. Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur óskað eftir verklagsreglum varðandi þetta frá lögreglustjórum og yfirferð gagna stendur nú yfir.

Samkvæmt grein 35. a. lögreglulaga nr. 90/1996, ber nefnd um eftirlit með lögreglu að taka til athugunar

mál þegar maður lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot. Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur nú til athugunar þrjú mál af þessu tagi, en niðurstöður nefndarinnar liggja ekki fyrir.

7. Fangelsi

Tilmæli 23

CPT nefndin mæltist til þess að íslensk stjórnvöld breyti lögum um fullnustu refsinga og endurveki skyldu til að gera einstaklingsbundnar meðferðaráætlanir fyrir alla dæmda fanga; Bent var á að þegar fyrrnefndar breytingar hafi verið samþykktar, þurfi að sjá sérstaklega til þess að fangar taki þátt í að semja og endurskoða meðferðaráætlanirnar til að tryggja að þeir skuldbindi sig að framkvæmd áætlunarinnar og félagslegri endurhæfingu sinni.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skal Fangelsismálastofnun, í samvinnu við fanga gera meðferðaráætlun fyrir fanga sé það talið nauðsynlegt að mati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Fangelsismálastofnun er ekki sammála því að gera eigi meðferðaráætlun fyrir alla fanga, slíkt er að mati sérfræðinga stofnunarinnar ekki nauðsynlegt. Íslensk stjórnvöld taka undir þessi sjónarmið þar sem það eitt og sér komi ekki í veg fyrir að fangar njóti viðeigandi meðferðar í fangelsi.

Margir fangar fara í gegnum afplánun sína án nokkurra vandkvæða, eru með húsnaði að lokinni afplánun, fasta vinnu, eiga ekki við áfengis- og/eða fíknivanda að stríða o.s.frv. Þessi einstaklingar geta alla jafna nýtt sér afplánun með þeim hætti sem Fangelsismálastofnun telur vænlegast, þ.e. hefja afplánun í lokuð fangelsi, fara þaðan fljótt í opið fangelsi, þaðan á Áfangameimili Verndar þar sem þeir stunda vinnu eða nám á daginn og ljúka síðasta hluta afplánunar heima hjá sér með rafrænt öklaband. Fangelsismálastofnun áréttar hins vegar að með því að lögfesta þá skyldu að gera meðferðaráætlun fyrir alla fanga er sú hættu fyrir hendi að ekki verði hægt að sinna öðrum lögbundnum eða mikilvægum hlutverkum sem fangelsisyfirvöld telja þörf á. Þá bendir Fangelsismálastofnun á að þótt ekki sé gerð sérstök meðferðaráætlun fyrir alla fanga kemur það ekki í veg fyrir að viðkomandi hljóti viðeigandi meðferð sálfræðings, geti afplánað hluta refsingarinnar í meðferð, verði vistaður á meðferðargangi o.s.frv. Þá er rétt að geta þess að nánast án undantekninga er gerð meðferðaráætlun fyrir fanga sem afplána langa dóma sé það talið nauðsynlegt að mati sérfræðinga.

Við komu í fangelsi er gert innkomu- og þjónustumat sem Fangelsismálastofnun sinnir. Geðheilsuteymi fangelsanna sem sett var á laggirnar 1. janúar 2020 mun einnig bjóða upp á markvissa, samfellda og einstaklingsmiðaða fíknimeðferð fyrir fanga á meðan á afplánun stendur. Stefnt er að því að sú þjónusta verði kominn á laggirnar fyrir lok árs 2020. Þar verður hugað sérstaklega að meðferðaráætlun fyrir hver fanga og lögð áhersla á fræðslu í forvarnarskyni.

Tilmæli 24

Nefndin benti einnig á að það að starfsfólk fangelsa fái tilhlýðilega þjálfun og að fangelsin séu nægilega vel mönnum af starfsfólki með fjölbreytta sérhæfingu sé forsenda þess að búa föngum öruggt umhverfi og gera félagslega endurhæfingu þeirra mögulega. Nefndin mæltist því til þess að íslensk stjórnvöld grípi til aukinna ráðstafanna til að tryggja nauðsynlegt fjármagn og mannauð í fangelsiskerfinu.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Íslensk stjórnvöld munu taka þetta til alvarlegrar skoðunar.

Tilmæli 27

CPT nefndin tók fram að hún treysti því að starfsfólk, einkum í fangelsinu á Litla-Hrauni, muni halda vöku sinni og beita öllum tiltækum úrræðum að berjast gegn og fyrirbyggja ofbeldi og hótanir fanga gegn öðrum föngum. Til að ná megi þessu markmiði þarf að bæta þjálfun fangavarða í að viðhalda virku öryggi.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Eitt mikilvægasta verkefni fangelsisyrivalda í dag er að bæta ástand og aðbúnað fanga í fangelsum, þá sérstaklega á Litla- Hrauni. Miklar vonir eru bundnar við nýtt geðheilsuteymi sem tók til starfa 1. janúar sl., sem m.a. á að taka á fíknivanda fanga en að sama skapi munu fangelsisyrivöld fara í aðgerðir á Litla-Hrauni til að bæta aðstöðu fanga og fangavarða og þar með auka öryggi fanganna. Með þessum aðgerðum mun skapast aukið svigrúm fyrir fangaverði að sinna öðrum verkum, s.s. að taka meiri þátt í daglegu starfi fanga, vera meira inni á deildum þeirra o.s.frv.

Þá hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið ákveðið að setja saman starfshóp um endurmat á inntaki og umgjörð menntunar fanga og fangavarða. Hlutverk hópsins er að afla gagna um málefnið, vinna úr gögnum og skila ráðherrum mennta- og menningarmála og dómsmála tillögum um framtíðarfyrirkomulag í menntun fanga og fangavarða. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður hópsins liggi fyrir í lok árs 2020.

Tilmæli 28

CPT nefndin taldi efnislegar aðstæður til fangavistar almennt mjög góðar í öllum fangelsunum sem heimsótt voru. Aðeins voru fáar undantekningar frá þessari almennt mjög fullnægjandi stöðu: sumir klefar á efstu hæðinni sjávarmegin í húsi 3 á *Litla-Hrauni* voru byrjaðir að láta á sjá vegna vatnsleka í útveggjum og undir þakinu. Enn fremur voru sumir klefar í *fangelsinu á Hólmsheiði* (á kvennadeildinni og öryggisdeildinni) með matt gler í gluggum, að því er virðist til að tryggja friðhelgi einkalífs. Þó að markmiðið sé augljóslega réttmætt var afleiðingin sú að fangar sem vistaðir eru í þessum klefum (einkum kvenfangar, sem dvöldu lengur í þeim) höfðu ekkert útsýni.

Í *fangelsinu á Kvíabryggju* var engin alveg örugg aðstaða fyrir kvenfanga, einkum að því er varðar sameiginlegar sturtur, og aðalbyggingin (sameiginleg svæði, ekki klefarnir) var svo þétt setin að það var ekkert skrifstofurými fyrir starfsfólk og ekkert herbergi fyrir heimsóknir. Forstöðumaður fangelsisins sýndi sendinefndinni áætlanir um að stækka fangelsið með því að bæta nýrri álmu við aðalíveruhúsið sem myndi meðal annars innihalda litla deild (fjórir klefar) fyrir konur, kennslustofu, sérstakt herbergi fyrir heimsóknir og skrifstofur starfsfólks; hann hafði þegar lagt þessar áætlanir fyrir Fangelsismálastofnun til skoðunar

Nefndin mæltist til þess að ráðist verði í aðgerðir til að taka á fyrrnefndum annmörkum í fangelsunum á Litla-Hrauni, Hólmsheiði og Kvíabryggju. Varðandi síðarnefnda fangelsið óskaði nefndin eftir ítarlegri upplýsingum um fyrirhugaða viðbyggingu. Almennt séð taldi nefndin að íslensk stjórnvöld að íhuga hvernig veita megi konum öruggari aðbúnað við afplánun í opnum fangelsum.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Það er komið á viðhaldsáætlun Litla-Hrauns að yfirfara umrædda fangaklefa.

Varðandi fangelsið á Hólmsheiði þá eru engir klefar á kvennadeildinni með filmur fyrir gluggana. Klefar á einangrunargangi eru með slíkar filmur til að koma í veg fyrir útsýni en ef þær væru ekki hefðu fangar þar útsýni út á veginn fyrir utan fangelsið og gæti slíkt stefnt rannsóknarhagsmunum í hættu. Fjórir klefar til viðbótar á annarri deild voru útbúnir með slíkum filmum en fangelsisýfirvöld hafa þegar gripið til ráðstafana og fjarlæggt þær.

Í kjölfarið á heimsókn nefndarinnar var vistunarfyrirkomulagi kvenfanga í opnum fangelsum breytt. Nú eru þær ekki lengur vistaðar á Kvíabryggju heldur á fangelsinu að Sogni þar sem hægt er að aðskilja klefa þeirra frá klefum karlfanga auk þess sem þær hafa sér salernisstöðu og sturtu. Þá er auðveldara fyrir fangaverði að fylgjast með þeim og tryggja öryggi þeirra.

Ekki stendur til að ráðast í frekari framkvæmdir á Kvíabryggju að svo stöddu.

Tilmæli 31

CPT mæltist til þess að íslensk stjórnvöld efla viðleitni sína til þess að þróa framboð á vinnu og annarri skipulagðri virkni fyrir alla fanga, einkum þá sem afplána langa dóma. Nefndin er einnig þeirrar skoðunar að bjóða ætti einstaklingsmiðaðar áætlanir um meðferð og endurhæfingu fyrir fanga með geðraskanir og skerta námsgetu.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Fangelsisýfirvöld á Litla-Hrauni og Hólmsheiði leita í hverri viku að nýjum verkefnum fyrir fangelsið en bæði er um að ræða sjálfstæð verkefni sem og önnur verkefni sem unnin eru í samstarfi við atvinnulífið. Þá stendur öllum föngum til boða að stunda nám. Frá því að nefndin heimsótti fangelsið á Hólmsheiði hefur verkstjóri verið ráðinn í fullt starf í fangelsinu þannig að í dag er ekki sami starfsmaður sem sér um verslunina og vinnustaðinn. Er starf hans m.a. fólgið í því að fjölga verkefnum í fangelsinu og frá því að hann tók til starfa hefur greiddum vinnutímum fyrir fanga fjölgað talsvert.

Allir fangar geta stundað tólmstundavinnu, hvort sem það er eigin tólmstundavinna eða vinna á vegum fangelsisins. Ef fangi vill stunda eigin tólmstundir stendur honum til boða aðstaða í fangelsinu. Námskeiðahald er að meginstefnu til byggt á vinnu sjálfboðaliða og mun það fyrirkomulag halda áfram. Með nýstofnuðu geðheilsuteymi mun jafnframt skapast meira svigrúm fyrir núverandi sálfræðinga og félagsráðgjafa til að sinna ákveðnum málum enn frekar og auka á skipulagða virkni fanga.

Eins og fjallað var um hér að framan hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið ákveðið að setja saman starfshóp um endurmat á inntaki og umgjörð menntunar fanga og fangavarða. Hlutverk hópsins er að afla gagna um málefnið, vinna úr gögnum og skila ráðherrum mennta- og menningarmála og dómsmála tillögum um framtíðarfyrirkomulag í menntun fanga og fangavarða. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður hópsins liggi fyrir í lok árs 2020.

Tilmæli 32

Nefndin benti á að æfingasvæðin á Litla-Hrauni og Akureyri hefðu ekki verið útbúin skjóli gegn vondum veðrum þrátt fyrir fyrri tilmæli nefndarinnar. CPT skorar á íslensk stjórnvöld að bæta úr þessum annmörkum. Nefndin skorar einnig á íslensk stjórnvöld að gera gæsluvarðhaldsföngum á Akureyri kleift að stunda hreyfingu utandyra að degi til.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Stjórnvöld munu leitast við að bæta úr aðstöðu útivistargarði Litla-Hrauns og Akureyri með hliðsjón af athugasemdum nefndarinnar. Enginn fangi er þó skyldaður til að vera úti í vondu veðri og geta allir fangar farið inn ef vont veður skellur á.

Í fangelsinu á Akureyri eru einangrunarklefar staðsettir á þeim stað að ekki er hægt að hleypa föngum út án þess að þeir gangi framhjá öðrum föngum en þar með væri rannsóknarhagsmunum stefnt í hættu. Stjórnvöld munu leitast við að bæta úr þessu með hliðsjón af athugasemdum nefndarinnar.

Tilmæli 33

Nefndin taldi stöðuna varðandi virkni ekki eins góða að því er varðar fanga sem vistaðir eru á jarðhæð í húsi 4 í *fangelsinu á Litla-Hrauni* (m.a. kynferðisbrotamenn). Nefndin mælist til þess að meira sé gert til að bjóða þessum föngum virkni (í öruggu umhverfi). Við lok heimsóknarinnar í *fangelsið á Litla-Hrauni* tjáði forstöðumaður fangelsisins sendinefndinni að hann hefði ákveðið að leyfa fyrrnefndum föngum að vera einum á æfingasvæðinu í eina klukkustund á dag. CPT fagnar þessu frumkvæði en telur hins vegar að viðkomandi fangar ættu helst að hafa sama rétt til daglegrar hreyfingar utandyra og allir aðrir, við aðstæður sem tryggja öryggi þeirra. Þetta gæti vel kallað á að byggja þurfi aðskilið, öruggt æfingasvæði utandyra fyrir þá.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Stjórnvöld munu leitast við að bregðast við þessum athugasemdum nefndarinnar.

Stjórnvöld vísa til aðgerðaráætlunar sem send var nefndinni 1. desember 2019. Þar kom fram að áætlað er að gera þarfagreiningu á Litla-Hrauni sem felur í sér tillögur að aðstöðubreytingum þar sem núverandi byggingar gagnast ekki til aðgangsstyringar og aðskilnaðar fangahópsins. Samráð verður við sérfræðinga og heilbrigðisstarfsfólk svo að aðstaða þeirra verði í samræmi við þá þjónustu sem þeir veita.

Tilmæli 35-44

Heilbrigðisráðuneytið mun svara tilmælum 35 til 44 haustið 2020. Aðgerðaráætlun dómsmála- og heilbrigðisráðherra um heilbrigðismál í fangelsum og úrræðum vegna vímuefnavanda fanga hefur þegar verið send nefndinni.

Tilmæli 46

Nefndin er þeirrar skoðunar, þó að einangrun fanga sé í raun sjaldan beitt sem agaviðurlögum lengur en í nokkra daga, að í ljósi þess skaða sem af getur hlotist ætti hámarkstími einangrunar sem agaviðurlaga ekki að vera lengri en 14 dagar fyrir tiltekið brot og helst skemmri CPT mælist til þess að 74. gr. laga um fullnustu um refsingar verði breytt til samræmis við það.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Stjórnvöld munu taka það til skoðunar hvort rétt sé að breyta 74. gr. laga um fullnustu refsinga í samræmi við athugasemdir nefndarinnar.

Tilmæli 47

Að því er varðar aðskilnað fanga frá öðrum föngum af öryggisástæðum var nefnt að í sérstökum öryggisklefa í *fangelsinu á Hólmsheiði* væru málmhringir sem festir eru við gólfið umhverfis svæðið sem ætlað er fyrir dýnuna. Nefndin mælist til þess að fyrrnefndir hringar verði fjarlægðir.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Fangelsismálayfirvöld hafa staðfest að þau hafa fjarlæggt hringina enda hafa þeir aldrei verið notaðir og ekki er sérstök þörf á þeim.

Tilmæli 48

Nefndin veitti því eftirtekt að ekki var hægt að leggja fram kvartanir innan stofnunarinnar (ólíkt kvörtunum til utanaðkomandi aðila) í trúnaði (t.d. í lokuðu umslagi). Nefndin mælist til þess að gerðar verði til ráðstafanir til að bæta úr þessum ágalla (með því að útvega kvörtunareyðublöð og umslög sem fangar gætu sett í læst kvörtunarhólf, staðsett í hverri vistarveru, sem aðeins sérstaklega tilnefndir aðilar mega opna).

Enn fremur var sendinefnd CPT tjáð af stjórnendum og starfsfólki fangelsanna sem heimsótt voru að viðkomandi stofnanir hefðu aldrei (eða afar sjaldan) sætt innra eftirliti, hvort heldur er af hálfu dómsmálaráðuneytis eða Fangelsismálastofnunar. Þegar lítið er til mikilvægis skilvirks innra eftirlits til að tryggja viðunandi meðferð fanga myndi CPT fagna athugasemdum íslenskra stjórnvalda um þetta málefni.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Stjórnvöld hafa fengið upplýsingar frá Fangelsismálastofnun um að fyrri tillögunni um kvartanir innan stofnunar verði komið í framkvæmd.

Varðandi innra eftirliti er rétt að benda á að starfsmenn Fangelsismálastofnunar og fangelsanna vinna náið saman. Þannig að ekki er um að ræða eiginlegt eftirlitshlutverk af hálfu stjórnenda til starfsfólks fangelsanna. Flestar af ákvörðunum sem teknar eru í fangelsinu eru teknar í samvinnu við eða eftir ráðleggingum/leiðbeiningum frá Fangelsismálastofnun og eru þær kæránlegar beint til dómsmálaráðuneytisins. Hins vegar fylgist Fangelsismálastofnun vel með að farið sé eftir öllum reglum og verkferlum og uppfærir slíkt ef þörf er á. Þá fara starfsmenn Fangelsismálastofnunar reglulega í fangelsin, funda með forstöðumönnum, varðstjórum o.fl. þar sem farið er yfir það sem betur má fara. Eiginlegt eftirlit með fangelsisvörðslu er í höndum dómsmálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis en auk hefðbundins eftirlits fer hann einnig með sérstakt eftirlit, þ.e. OPCAT sem fjallað var um hér að framan.

8. Geðheilbrigðisstofnanir

Tilmæli 50-61

Heilbrigðisráðuneytið mun svara tilmælum 50 til 61 haustið 2020.

Tilmæli 59

CPT mælist til þess að íslensk stjórnvöld setji reglur um beitingu þvingunarráðstafana með löggjöf í stað þess að láta það alfarið í hendur geðheilbrigðisstofnana.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Í 28. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 er að finna ákvæði um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð sjúklings sem er nauðungarvastaður á sjúkrahúsi, ef hann er hættulegur sjálfum sér eða öðrum eða ef lífi hans eða heilsu er annars stefnt í voða. Í ákvæðinu er ekki gerður greinarmunur á þvingunum sem annars vegar lúta að meðferð við sjúkdómum og hins vegar þvingunum sem tengjast tímabundnu andlegu ástandi sjúklingsins og miða að því að hamla honum frá því að valda sjálfum sér eða öðrum skaða. Ákvæðið getur einnig eftir því sem við á átt við um sjálfræðissvipta einstaklinga sem dvelja gegn vilja sínum á sjúkrastofnun, sbr. 2. mgr. 58. gr. lögræðislaga.

Í 4. mgr. 28. gr. kemur fram að heilbrigðisráðherra geti sett nánari reglur um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð. Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp sumarið 2019 til að meta þörfina á frekari leiðbeiningum um útfærslu á þvingunarúrræðum lögræðislaga. Vonast er til þess að setning slíkra regla setji skýrari ramma og mörk um beitingu þvingaðrar lyfjagjafar og annarrar þvingaðrar meðferðar auk þess að skilgreina nánar hvað geti falist í þvingaðri meðferð. Í fyrstu OPCAT úttekt umboðsmanns Alþingis um heimsókn á geðsvið Landspítalans á Kleppi var þó bent á að fyrrnefnd reglugerð geti einungis tekið til lækisfræðilegrar meðferðar og því skorti lagaheimild til beitingar annars konar nauðungar, svo sem líkamsrannsóknar, leitar, haldlagningar muna o.s.frv. Í lok árs 2019 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp sem var falið að vinna að aðgerðaráætlun til að bregðast við þessum ábendingum umboðsmanns Alþingis. Heilbrigðisráðuneytið mun veita nánari svör haustið 2020.

Tilmæli 63

Nefndin ítrekar tilmæli sín um að íslensk stjórnvöld breyti lögræðislögum og innleiði viðmiðanir sem tryggja að nauðungarvistun fari aðeins fram þegar vistun sjúklings er bráðnauðsynleg til að hindra að sjúklingnum eða öðrum einstaklingum sé stefnt í hættu.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Líkt og fram kemur í fyrra svari íslenska ríkisins voru breytingar gerðar á 19. gr. lögræðislaga með breytingarlögum nr. 84/2015 sem miðuðu að því að auka réttindi einstaklings sem stendur til að nauðungarvista. Var lækni sem tekur ákvörðun um nauðungarvistun gert skylt að kanna afstöðu viðkomandi einstaklings til nauðungarvistunarinnar, ef unnt er, sbr. síðasta málslið 2. mgr. Þá er nú gerð krafa um það í 4. mgr. að læknir fari á vettvang og meti aðstæður áður en maður er fluttur nauðugur á sjúkrahús skv. 2. eða 3. mgr.

Í 2. mgr. 19. gr. er eingöngu tiltekið að ákvörðun um nauðungarvistun sjálfráða einstaklings skuli tekin af lækni og borin undir yfirlækni eða staðgengil hans svo fljótt sem verða má, ef einstaklingur er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegur líkur eru á að svo sé, eða að ástandi hans megi jafna til alvarlegs geðsjúkdóms, eða ef um alvarlega fíkn er að ræða. Í 3. mgr. 19. gr., sem varðar áframhaldandi nauðungarvistun í allt að 21 sólarhring með samþykki sýslumanns, er til viðbótar áskilið að slík framlenging sé talin „óhjákvæmileg“ að mati læknis. Þó að ekki séu sett frekari skilyrði um að ástand þess sem ákvörðunin beinist að hafi í för með sér verulega hættu á því að hann skaði sjálfan sig eða aðra, má benda á að það leiðir af meginreglum íslensks stjórnisýsluréttar að íþyngjandi úrræðum verður eingöngu beitt að teknu tilliti til meðalhöfsreglunnar. Er sú krafa þeim mun ríkari því meira íþyngjandi sem ákvörðun stjórnvalds er. Að því sögðu mun dómismálaráðuneytið bregðast við tilmælum nefndarinnar og vinna að því að skýra orðalag laganna að þessu leyti. Enn fremur er til skoðunar að endurskoða orðalag ákvæðisins út frá samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Má í því sambandi benda á að sérstök þingnefnd sem starfar á grundvelli þingsályktunar nr. 41/149 frá 19. júní 2019 vinnur nú að heildarendurskoðun lögræðislaga. Dómismálaráðuneytið mun eiga samráð við þingnefndina og vera henni til ráðgjafar. Á fundi dómismálaráðherra með formanni þingnefndarinnar í lok árs 2019 var meðal annars rætt um nýjustu skýrslu CPT nefndarinnar og athugasemdir hennar við núgildandi lögræðislög. Þá hefur ráðuneytið sent þingnefndinni afrit af svörum sínum til CPT nefndarinnar.

Tilmæli 64

CPT mælist til þess að íslensk stjórnvöld geri ráðstafanir til að tryggja að álit geðlæknis (sem er óháður sjúkrahúsinu þar sem sjúklingurinn er vistaður) sé alltaf fengið í tengslum við

framlengingu á nauðungarvistun.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Dómsmálaráðuneytið mun taka þessa athugasemd nefndarinnar til skoðunar og hefur þegar komið henni á framfæri við fyrrnefnda þingnefnd sem vinnur að endurskoðun lögræðisлага.

Tilmæli 65

Nefndin skorar á íslensk stjórnvöld að breyta lögræðislagum til að tryggja að lögræðissvipting (sem getur verið nauðsynleg til að vernda persónulega og fjárhagslega hagsmuni sjúklingsins) krefjist aukins rökstuðnings og sérstakrar málsmeðferðar.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Með þeim breytingum sem gerðar voru á lögræðislagum með lögum nr. 84/2015 var leitast við að koma til móts við fyrri athugasemdir nefndarinnar að þessu leyti með því að bæta við lögum heimild til framlengingar á nauðungarvistun í allt að 12 vikur með úrskurði dómara. Með því var tryggt að hægt sé að grípa til vægara úrræðis en lögræðissviptingar. Líkt og bent er á þarf hins vegar að svipta einstakling sjálfræði til að framlengja umfram það. Rökin fyrir því voru meðal annars þau að ekki var talið rétt að svipta sjálfráða einstakling frelsi sínu til lengri tíma. Dómsmálaráðuneytið mun hins vegar bregðast við þessari athugasemd nefndarinnar og vinna að því að mögulegt verði að framlengja nauðungarvistun oftast en einu sinni, án þess að svipta einstakling sjálfræði. Hefur því verið komið á framfæri við þá þingnefnd sem vinnur að endurskoðun lögræðisлага.

Tilmæli 66

Nefndin skorar á íslensk stjórnvöld að breyta viðkomandi löggjöf að því er varðar bæði almenna sjúklinga og sjúklinga á réttargeðdeild; ef tímabil nauðungarvistunar er ótilgreint (eða lengra en sex mánuðir) ætti með reglulegu millibili að fara fram sjálfkrafa endurskoðun dómstóla á þörfinni fyrir áframhaldandi vistun í sjúkrahúsi.

Svar íslenskra stjórnvalda:

Í 1. mgr. 29. gr. lögræðisлага kemur skýrt fram að nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi megi aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og byggir ákvörðun um áframhaldandi nauðungarvistun því ávallt á lækisfræðilegu mati, hvort sem sjúklingur er sjálfráða eða ekki. Í 2. mgr. 58. gr. lögræðisлага er kveðið á um að ákvörðun um nauðungarvistun ósjálfráða sjúklings sé háð mati lækis um að lífi eða heilsu hins svipta sé hættu búin. Í 59. gr. laganna er jafnframt tryggður réttur sjálfræðissvipts manns til að bera ákvörðun skv. 2. mgr. 58. gr. undir dómstóla. Í þeim breytingum sem gerðar voru á lögræðislagum með lögum nr. 84/2015 var skerpt á skilyrðum þess að svipta mætti einstakling lögræði og úrræðinu breytt svo það væri ávallt tímabundið, en með því var leitast við að koma til móts við athugasemdir nefndarinnar. Í ljósi þess að lögræðissvipting er ávallt tímabundin er aðkoma dómara tryggð þegar farið er fram á að sviptingin verði framlengd. Í lögum er þó ekki tekið fram í hve langan tíma megi svipta einstakling sjálfræði tímabundið. Mun dómsmálaráðuneytið því taka athugasemd nefndarinnar til skoðunar og kanna hvort þörf sé á skýrari ákvæðum um reglulega endurskoðun nauðungarvistunar. Hefur þessu verið komið á framfæri við þá þingnefnd sem vinnur nú að endurskoðun lögræðisлага.